

Alþingi
Erindi nr. Þ 120/1428
komudagur 15/4 1996

Búðardal 12.04.1996.

Nefndadeild Alþingis
Þórshamri v/Templarasund
150 Reykjavík

Efni: FRUMVARP TIL LAGA UM BREYTINGU Á LÖGUM NR. 80/1938, UM STÉTTARFÉLÖG OG VINNUDEILUR, MEÐ SÍÐARI BREYTINGUM.

Óskað hefur verið umsagnar Verkalýðsfélagsins Vals um ofangreint frumvarp um breytingar á vinnulöggjöfni. Svar Verkalýðsfélagsins Vals fylgir hér á eftir.

Verkalýðsfélagið Valur tekur undir ályktun formannafundar A.S.Í. frá 22. mars sl. og krefst þess að frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur verði dregið til baka svo aðilar vinnumarkaðarins geti lokið gerð rammisamninga um samskiptareglur á vinnumarkaði. Frumvarpið felur í sér alvarlega íhlutun í innri mál stéttarfélaganna og vegur að lýðræðislegum réttindum launafólks til að hafa áhrif á eigin mál með frjálsum samningum.

Þá er gerð grundvallarbreyting á verkfallsheimildinni og aukin völd færð til sáttasemjara.

Með framlagningu frumvarpsins hafa stjórnvöld rofið áratuga sátt um þróun samskiptareglanna á vinnumarkaði. Samkvæmt frumvarpinu fær sáttasemjari völd til að tengja félög og hópa saman í atkvæðagreiðslu um miðlunartillögur óháð því hvort viðkomandi eiga í kjaradeilu. Þá yrði nær ómögulegt að fella miðlunartillögu þar sem fullur þriðjungur allra á kjörskrá yrðu að greiða mótatkvæði.

Að öðru leyti vísuð við til og tókum undir þau mótmæli sem fram hafa komið frá forystu launþegasamtakanna.

F.h. Verkalýðsfélagsins Vals


Kristján Jóhannsson
formaður